



Canon

Bókhladan

Verð kr. 24.900 m/vsk

Canon



- Áhriflega harti • 14 bl. á mín. 1 se/1m
- 8 bl. á mín. í 8 • 8000/12000 pr. mánuði
- Arkivskráir fyrir 100 bl. • Minnifra Ókeypis skali
- Tökur allt að 248 gr. papír
- Hugbúnaður: Windows 95/98/2000/XP
- Mál: A4, B5 og A5 m/vsk

Bæjarins besta

Miðvikudagur 9. október 2002 • 41. tbl. • 19. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Vefang: www.bb.is • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 200 m/vsk**Hnífsdalur****Varð var við reyk í húsi**

Íbúar hússins að Bakka-vegi 1 í Hnífsdal geta ef- laust þakkað árvökulum vegfarenda að ekki fór verr aðfaranótt sunnudags en hann varð þess áskynja að reyk lagði úr húsinu og vakti heimilisfólkið.

Húsráðendur voru í fastasvefni er maðurinn knúði að dyrum á fimmta tímanum. Var þá eldur laus í húsinu en lögreglu- og slökkviliði var tilkynnt kl. 4:25 hvers kyns var. Þegar það kom á vettvang var fólkið að koma sér út og búið að slökkva eldinn.

**Bolungarvík****Nærri 1000 tonn á land**

Sjórinn var sóttur fast frá Bolungarvík í september og fóru þeir duglegustu í 24 róðra í mánuðinum. Alls komu á land 969 tonn af afla í Bolungarvík í sept- ember, þar af 52 tonn af skarkola, 271 tonn af ýsu, 453 tonn af þorski og 158 tonn af lausfrystri iðnaðar- rækju.

Varla kemur á óvart að Guðmundur Einarsson var aflahæstur skipstjóra á samnefndum línubát og landaði rúnum 62 tonnum í mánuðinum.

Frumkvöðull í gerð Delta- mynda

– sjá viðtal í miðopnu við Önfirðinginn Einar Þór Gunnlaugsson frá Hvilft



Heilbrigðisstofnun Bolungarvíkur og Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ

Bolvíkingar hafna sam- einingu stofnananna

Bæjarráð Bolungarvíkur hafnar þeirri hugmynd heil- brigðis- og tryggingamála- ráðuneytisins, að Heilbrigðis- stofnun Bolungarvíkur og Heilbrigðisstofnunin Ísafjarð- arbæ verði sameinaðar í eina stofnun.

Í bréfi ráðuneytisins til bæj- aryfirvalda er minnt á, að til margra ára hefur ekki starfað sérstakur framkvæmdastjóri við Heilbrigðisstofnun Bol- ungarvíkur, heldur hefur bæj- arstjórinn, Ólafur Kristjánsson, í raun gegnt því starfi. Ástæðu þess má m.a. rekja til þess tíma er rekstur sjúkra- húsa og heilsugæslustöðva



Ólafur Kristjánsson.

var á verksviði sveitarfélaga, en komið er nokkuð á annan áratug síðan því var breytt. Ráðuneytið segist nú telja „tímabært að við Heilbrigðis- stofnun Bolungarvíkur starfi framkvæmdastjóri í samræmi við núgildandi lög“.

Í framhaldi af því bendir ráðuneytið á þrjár leiðir sem kæmu til greina í Bolungar- vík. Í fyrsta lagi að ráðinn verði sérstakur framkvæmda- stjóri við Heilbrigðisstofnun Bolungarvíkur. Í öðru lagi að framkvæmdastjóra Heilbrigð- isstofnunarinnar Ísafjarðarbæ verði falið að sinna því starfi samhliða, en Heilbrigðis- stofnun Bolungarvíkur verði engu að síður sjálfstæð stofn- un og með sérstaka stjórn eins og verið hefur.

Í þriðja lagi að Heilbrigðis- stofnun Bolungarvíkur og Heilbrigðisstofnunin Ísafjarð- arbæ verði sameinaðar í eina

stofnun, sem hafi einn fram- kvæmdastjóra. Loks segir, að ráðuneytið muni innan tíðar taka ákvörðun um með hvaða hætti þessu máli verður fyrir komið.

Bæjarráð Bolungarvíkur telur eðlilegt, að verði gerð breyting á núverandi fyrir- komulagi, þá verði ráðinn sér- stakur framkvæmdastjóri að Heilbrigðisstofnun Bolungar- víkur og hafnar því að áður- nefndar stofnanir verði sam- einaðar. Jafnframt samþykkti ráðið að vísa bréfi ráðuney- tisins til umsagnar stjórnar Heilbrigðisstofnunar Bolung- arvíkur.

/SAMKAUP/

OPIÐ:

Virka daga
kl. 09 - 21Laugardaga
kl. 10 - 21Sunnudaga
kl. 12 - 21Verið
velkomin!

/SAMKAUP/

NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

Skip og bíll

Heildarlausn í flutningum

EIMSKIP

Flytjandi

www.eimskip.is • Sími 456 5500www.flytjandi.is • Sími 456 5500

Ragnar Jakobsson frá Reykjarfirði ötull við gömlu bátana

Bringingarbáturinn Friðþjófur tekur stakkaskiptum

Hagleiksmaðurinn Ragnar Jakobsson frá Reykjarfirði á Ströndum, sem búsettur er í Bolungarvík, gerir upp hvern árabátinn af öðrum af mikilli list. Fyrir skömmu var greint frá bátum Kisu, sem stóð í Norðurtanganum á Ísafirði og var að grotna þar niður, en er nú kominn í hendurnar á Ragnari.

Fyrir rúmu ári fékk Ragnar í hendur bringingarbát frá Miðhúsum í Reykhólasveit, sem hafði legið þar á hvolfi svo lengi sem elstu menn muna. Báturinn heitir Friðþjófur, smíðaður af Ólafi Bergsveinssyni í Hvallátrum í byrjun síðustu aldar. Hann var mjög illa farinn og þeir sem þekka ekki til verka Ragnars trúðu því naumast að hann gæti orðið heill og fínn á ný. Nú er báturinn heldur betur farinn að taka á sig nýja mynd. Hins vegar reyndist þurrafúi meiri en menn höfðu talið og hefur Ragnar



Bringingarbáturinn Friðþjófur er óþekktanlegur frá því sem var fyrir einu ári. Mynd: Þorsteinn J. Tómasson.

þess vegna þurft að endursmíða mun meira en ella hefði verið.

Þegar Friðþjófur kom til Ragnars í fyrra var það Pétur Guðmundsson (Sela-Pétur)

frá Ófeigsfirði á Ströndum sem kom með bátinn á vörubíl en tók um leið annan bát, Mjóna, sem Ragnar hafði lokið við að gera upp. Ferð Mjóna var heitið heim í Ófeigsfjörð

en hann er í eigu Péturs og þeirra bræðra. Hann er systurbátur hákarlaskipsins Ófeigs sem er í safninu á Reykjum í Hrótafirði og var smíðaður um 1870.



Friðþjófur kominn á leiðarenda í Bolungarvík í fyrrahaust og sér í heiðan himininn í gegnum hann.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Fékk Norðurtanga-húsið aftur í hausinn

Hraðfrystihúsið að Sundstræti 45 á Ísafirði (annað Norðurtangahúsanna) var á nauðungaruppboði fyrir stuttu slegið fyrri eiganda, Þróunarsjóði sjávarútvegsins, á rúmar fjórar milljónir króna.

Brunabótamat hússins, sem sami sjóður úrelti fyrir sjö árum, er 164 milljónir króna. Engin starfsemi hefur

verið í húsinu frá því að það var úrelt. Hinrik Greipsson, framkvæmdastjóri Þróunarsjóðsins, segir að húsið verði bráðlega auglýst til sölu á nýjan leik, en vegna úrelingarinnar er óheimilt að reka í því fiskvinnslu.

Fyrir uppboð á húsinu fór fram fyrir mánuði. Uppboðsbeiðandi var Ísafjarðarbær.

bb.is

Góður auglýsingavefur sem þúsundir sækja á degi hverjum

Ísafjarðarbær

Umsagnar óskað vegna úthlutunar byggðakvóta

Ráðgjafafyrirtækið Nýsir ehf. í Hafnarfirði, sem ráðið er af Bygðastofnun vegna úthlutunar byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2002-2003, hefur óskað eftir umsögn Ísafjarðarbæjar um efnidir á samningi bæjarins við fiskvinnsluna Fjölmi á Þingeyri, útgerðarfélagið Vísi og Bygðastofnun.

Í samningnum, sem er til fimm ára, er gert ráð fyrir því að Vísir veiði byggðakvóta Fjölmi, en skili að lágmarki tvöföldu magni hráefnis á land. „Við erum beðin um umsögn sem þessa á hverju ári

og hingað til hafa aðilar staðið við samninginn, og í raun gott betur“, segir Halldór Halldórsson, bæjarstjóri.

Bygðakvóti Fjölmi nemur á fjórða hundrað þorskígildistonna. Á síðasta ári voru unnin um það bil 2.000 tonn af afla á Þingeyri. „Menn tóku eftir því að fiskvinnslan Fjölmi var með nokkuð tap á síðasta ári. Margt gæti skýrt þetta tap, meðal annars kvótakaup og viljum við fá skýringar frá fyrstu hendi. Ég tek fram að ég hef ekkert kannað málið ennþá“, sagði Halldór Halldórsson, bæjarstjóri.

Undanvillingur í eigu sparisjóðsstjórans á Flateyri

Áformað að gefa hinum þrjóska unghrút líf

Við smölun eftirlegukinda í Önundarfirði á laugar- dag fannst einn undanvillingur í eigu sparisjóðsstjórans á Flateyri, Eiríks Finns Greipssonar. Eiríkur mun ekki vera ríkur að sauðfé og á vart fleiri lömb en þetta eina, sem var ekki hrifið af því að vera dregið í hús eins og sést á meðfylgjandi mynd. Grétar Örn Eiríksson, sonur sparisjóðsstjórans, dró lambið og mun hafa hugleitt að gefa því líf og nefna í höfuðið á sér. Fyrir utan hinn þrjóska unghrút Eiríks Finns voru flest lömbin þæg og mun hafa gengið vel að smala í Önundarfirði.



Grétar Örn Eiríksson og Arnaldur Máni Finnsson frá Hvilft. Mynd: Þorsteinn J. Tómasson.

Hlíf, dvalarheimili aldraðra á Ísafirði

Heildarkostnaður við fyrri hluta viðgerða um 13-13,5 milljónir

Útlit er fyrir að heildarkostnaður sem Ísafjarðarbær mun bera vegna fyrri hluta viðgerða á Hlíf, dvalarheimili aldraðra á Ísafirði, verði rúmar 7 milljónir króna.

Að sögn Árna Traustasonar byggingatæknifræðings, sem annaðist áætlanagerð vegna verksins, stefnir í að heildarkostnaður við fyrri áfangann verði á bilinu 13-13,5 milljónir króna en hlutdeild Ísa-

fjarðarbæjar í húsfélaginu er 55,7%. Þarna eru einnig teknir með í reikninginn aðrir þættir en þeir sem snúa að verktaka, svo sem gerð útboðsgagna, eftirlit og fleira.

Samningsupphæð verktaka mun að líkindum hækka úr 11,1 milljón króna í 12,1 milljón og er það vegna þess að verkið er umfangsmeira en upphaflega var talið.

„Steypuviðgerðir fara iðu-

lega eitthvað fram úr áætlun. Þegar búið er að háþrýstiþvo kemur yfirleitt í ljós að skemmdir eru meiri en áætlað hafði verið, þó svo að gert hafi verið ráð fyrir óvissuþáttum. Í fyrri hluta verksins eru óvissuþættir miklu fleiri, svo að það er óþarfi að búast við álíka framúrkeyrslu þegar seinni hlutinn verður unninn“, segir Árni Traustason.



Dvalarheimilið Hlíf.

Stungið af frá uppvaskinu

— Harpa Henrysdóttir var au-pair í London og segir frá misjafnlega skemmtilegum upptökum í þeirri ferð

Mörg ungmenni heillast af því að starfa í öðru landi sem au-pair, kynnast framandi menningu og skoða sig um í veröldinni. Ísfrisk ungmenni eru þar ekki undanskilin og í lok nóvember á síðasta vetri ákvað Harpa Henrysdóttir, nemandi við Menntaskólann á Ísafirði, að drífa sig til Lundúna og passa börn. Hún hugsaði sig ekki lengi um og hélt af stað rétt áður en hún átti að byrja í haustannarprófum.

„Ég er svolítið gjörn á skyndiákvörðanir. Ég sá auglýsingu í Mogganum um að það vantaði au-pair hjá íslensk/enskrir fjölskyldu og ákvað að skella mér. Það var vika frá því að ég sá auglýsinguna og þangað til ég var farin. Aðeins ein vika var eftir í skólanum en ég sleppti bara prófunum og fór“, segir Harpa

Allt gekk á afturfótunum í byrjun

Þá nú mánuði sem Harpa dvaldist ytra vann hún hjá þrem fjölskyldum og ber þeim misvel söguna. „Ég var þrjár vikur hjá þeirri fyrstu og þar gekk allt á afturfótunum. Mér fannst ég vera vinna allt of mikið fyrir allt of lítið miðað við launin hjá öðrum sem voru au-pair. Meðallaunin hjá öðrum voru kannski um 120 pund en ég var með 80 pund auk þess að vinna lengri vinnutíma og meiri verk en flestir aðrir. Mér fannst þetta ekki ganga og sagði þeim að ég vildi meiri pening. Þau vildu ekki borga mér meira svo ég ákvað að hætta hjá þeim og finna mér aðra fjölskyldu áður en ég færi heim í jólafrí.

Það var ekkert mál að skipta um fjölskyldu. Þegar ég fór frá þeirri fyrstu tók það mig ekki sólarhring að finna nýja. Ég skráði mig inn á heimasíðu sem er ætluð fjölskyldum í leit að húshjálpi og á þessum tæpa sólarhring bárust mér 28 tilboð. Ég valdi nýja fjölskyldu úr þessum tilboðum og fór með dótið mitt til hennar áður en ég fór heim til Íslands í jólafrí. Sú fjölskylda var æðisleg. Maðurinn var hálfur Frakki og hálfur frá Líbanon en ólst upp á Fílabeinsströndinni. Konan var spænsk en ólst upp í Frakklandi. Þau áttu einn tveggja ára strák sem hefur komið í allar heimsálfur nema Antartíku og talið ensku, spænsku og frönsku nærri reiprennandi. Ég

var bara að passa hann allan daginn og það var mjög gaman. Ég þurfti ekki að vinna nein heimilisstörf önnur.

Þessi hjón voru umboðsmenn fyrir gervihnattasjónvarp og voru alltaf á ferðinni vinnu sinnar vegna. Flestar helgar var ég ein heima en þau voru mikið til í Afríku og Arabalöndum um helgar. Þau tóku barnið með og ég var bara í því að gefa kettinum sem var inniköttur, læða sem mátti aldrei fara út. Einu sinni varð ég samt svo pirruð á henni að ég henti henni út og þá kom hún kettlingafull til baka. Það lenti auðvitað á mér að finna afkvæmunum heimili en það varð mér til happs að hún eignaðist aðeins einn kettling.“

Fékk aldrei sama réttinn tvisvar

„Þessi fjölskylda mín var algjör fyrirmyndarfjölskylda. Það var eldaður nýr réttur á hverjum degi. Ég fékk aldrei sama matinn tvisvar í sex mánuði og hef aldrei kynnst öðru eins. Ég þurfti heldur ekkert að gera nema að passa krakkann og gefa kettinum að éta þegar þau voru í burtu. Ég fékk mér vinnu við liðveislu því að ég fékk svo mikinn frítíma frá barnapössuninni vegna þessara sífelldu ferðalaga, auk þess sem ég þurfti ekki að sjá um nein heimilisstörf. Ég var í aukavinnu að passa einhverfa tvíbura og vann líka í félagsmiðstöð fyrir spastíska.“

Harpa starfaði í sex mánuði hjá þessari fjölskyldu en þurfti þá að skipta aftur. „Konan var að fara að eignast sitt annað barn þannig að ég þurfti að hætta hjá þessari góðu fjölskyldu. Þau fóru til Frakklands til að eignast barnið en ég varð finna mér nýja fjölskyldu því að ég var ekkert á leiðinni heim. Fjölskyldan sem ég fann þá átti heima rétt hjá þeirri sem ég var að hætta hjá. Kannski mat ég það aðeins of mikils hversu nálægt þetta var öllum vinum mínum og öllum því umhverfi sem ég

hafði verið í, því að það kom í ljós að þetta var ekki góð fjölskylda.“

Var neitað um inngöngu

„Ég kom á nýja heimilið á fimmtudagskvöldi og það sem ég átti að gera var að þrifa húsið og passa börnin. Börnin voru hjá föður sínum í Brasilíu og kvöldið eftir að ég kom fór móðirin líka í ferðalag. Ég var þá ein á heimilinu í tæpa viku. Kvöldið sem konan kom heim aftur fylgdi ég vini mínum út á strætóstoppistöð sem var 45 mínútna gangur og þegar ég kom til baka var mér ekki hleypt inn aftur. Það var búið að setja aðra læsingu á hurðina og lykkillinn minn komst ekki í skrána. Ég prófaði að dingla og banka og kalla en enginn svaraði. Ég sá konuna inn um gluggann en hún lét sem hún tæki ekki eftir mér.


Þetta endaði með því að ég tók strætó heim til Eddu Katrínar vinkonu minnar, sem var au-pair á heimili þarna rétt hjá, og gisti hjá henni yfir nóttina. Daginn eftir ætlaði ég að sækja dótið mitt og þá tók konan á móti mér og spurði mig í fyllsta sakleysi hvað hefði eiginlega komið fyrir á milli okkar. Ég ákvað að vera ekki að gefa neinar skýringar á því heldur dreif mig bara í burtu enda fannst mér hún hálfklíkkuð.“

Pissustopp varð að 40 punda máltíð

„Ég fluttist til Eddu Katrínar til bráðabirgða meðan ég leitaði nýrrar fjölskyldu til að vinna fyrir. Ég var raunar alltaf mikið með í slagtoppi með henni. Þetta var ekki bara Harpa í London heldur meira Harpa og Edda í London“, segir Harpa.

Aðspurð hvort einhver frekari ævintýri hafi ekki drifið á dagana í stórborginni segir Harpa: „Jú, ég veit reyndar ekki hvort það myndi kallast ævintýri. Einu sinni ætluðum við á næturklúbb en máttum ekki fara inn vegna þess að við vorum í strigaskóm. Þess vegna ákváðum við að fara bara eitthvað og fá einhverja hressingu.

Þetta var svo seint um nótt að mjög fáir staðir voru opnir en fyrir valinu varð einn sem bauð upp á þjóðarrétti frá Nepal. Upphaflega ætluðum við bara að fara þarna inn fá okkur einn bjór og fá að pissa en það gekk erfiðlega vegna þess



að enginn þarna inni talaði ensku. Okkur var fenginn matseðill sem við ákváðum að skoða. Á meðan stóð þjónn yfir okkur og ef önnur okkar benti á eitthvað og spurði hvað það væri, þá skráði hann það niður. Á endanum fengum við allt sem við höfðum bent á. Það var máltíð upp á 40 pund en við áttum um það bil fimm pund hvor.“

Stungu af frá uppvaskinu

„Við fórum að velta fyrir okkur hvað við gætum gert, vegna þess að þarna vorum við með fullt af mat en engan pening. Við borðuðum matinn og til að slá vandamálinu með væntanlegan reikning á frest, þá pöntuðum við okkur bara meiri bjór sem við drukkum á meðan við reyndum að láta okkur detta eitthvert snjallræði í hug. Við vorum komnar á þá skoðun að hugsanlega gætum við fengið einhvern matargestinn þarna til þess að borga fyrir okkur út á meðaumkvun eða að við gætum

blíkkað einhvern og verið sæt-areða eitthvað. Við hugsuðum það nú aldrei til enda.

Þá gerðist það að kona við hliðina á okkur, sem ég held að hafi verið dönsk, skildi hvað var um að vera, stóð upp og sagði framkvæmdastjóranum hvernig væri ástatt hjá okkur. Þá fór allt starfsfólkið að hlæja. Við vorum hálfskelkaðar, sáum greinilega að það var verið að hlæja að okkur en skildum ekki neitt.

Eftir þetta voru þjónarnir alltaf að koma og bjóða okkur eitthvað og voru að ýta á okkur að panta meira. Þessum skrípaleik lauk með því að við náðum að útskýra að við gætum ekki borgað. Okkur var þá bara boðið að fara í uppvaskið. Við fórum inn í eldhús og sáum þar haug af leirtaui eftir allt kvöldið og ákváðum að stinga bara af, sem við gerðum. Við reyndum aftur að komast inn á næturklúbb en það gekk ekkert frekar en áður út af strigaskónum.“

Kom heim eins skyndilega og hún fór

„Ég bjó þá hjá Eddu Katrínu í næstum tvær vikur. Fjölskyldan hennar fór svo til Tælands og Edda til Spánar þannig að enn og aftur var ég ein heima að gefa köttum. Ég fann loks fjölskyldu sem var ekki nema fimm húsum frá þeirri sem ég var fyrst hjá og ég var að hugsa um að fara þangað.

Svo datt í mig að fara bara heim að klára skólann, eins skyndilega og það datt í mig að fara að heiman. Mamma og pabbi beittu mig svolitlum þrýstingi að koma heim, eiginlega allan tímann frá því að ég fór. Ég var eitthvað búin að nefna að ég væri á milli fjölskyldna og byggi bara hjá vinum. Þá hringdi mamma á sunnudagsmorgni og spurði hvort ég vildi koma heim þá um kvöldið eða í hádeginu daginn eftir. Ég ákvað með sjö tíma fyrirvara að koma heim, skildi allt dótið mitt eftir og kom heim með einn bakpoka.“

Framkvæmdin myndi gerbreyta samgöngum milli norður- og suðursvæðis

Þingmenn Vestfirðinga og ýmsir fleiri telja ekki ósennilegt að áætlun um gerð jarðganga milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar verði samþykkt á Alþingi í vetur. Slík framkvæmd myndi gerbreyta samgöngum milli norður- og suðursvæðis Vestfjarða, en Hrafnseyrarheiði er jafnan ófær svo mánuðum skiptir á hverju ári.

Fyrir rúmum tveimur árum var samþykkt á Alþingi ályktun um fjárveitingar til jarðgangagerðar á árunum 2000-2004. „Jafnframt verði hafinn undirbúningur að næstu verkefnum. Sérstaklega verði rannsökuð göng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar á Vestfjörðum“, segir í ályktuninni.

Í langtímaáætlun um gerð jarðganga á Íslandi, sem þriggja manna vinnuhópur innan Vegagerðarinnar skilaði af sér í ársbyrjun 2000, en þar átti sæti m.a. Gísli Eiríksson, umdæmisverkfæringur Vegagerðarinnar á Vestfjörðum, segir svo um gerð jarðganga milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar:

Jarðgöng í stað fjallvegur um Hrafnseyrarheiði hafa verið nokkuð lengi til skoðunar. Heiðin er lokuð um 120 daga á ári að meðaltali og mokstursdagar eru 30-40. Nokkrar jarðgangaleiðir hafa verið kannaðar, allt frá árinu 1981. Einna mest hafa menn horft til ganga úr 70 m y.s. í Arnarfirði í 70 m y.s. í Dýrafirði, en þau yrðu um 5,1 km á lengd. Jarðfræðilegar aðstæður eru nokkuð góðar. Kostn-

aður er áætlaður 2,3 milljarðar fyrir einbreið göng, tvo 100 m langa forskála og tæpa 7 km af nýjum vegum að göngum. Vegalengd úr Arnarfirði að Dýrafjarðarbrú stýttist um 25 km. Göngin myndu spara vegagerð út með Arnarfirði og yfir Hrafnseyrarheiði, sem gæti kostað um 500 m.kr. Engar fjárveitingar eru á núverandi langtímaáætlun.

Ætla má, að göng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, ásamt vel uppbyggðum vegi yfir Dynjandisheiði og góðri vetrarþjónustu þar og á Gemlufallsheiði, myndi tryggja nokkuð öruggar heilsársamgöngur milli suðurfjarðanna og Ísafjarðarsvæðisins. Árið 1999 var unnið að frekari jarðfræðirannsóknum á þessu svæði og könnun á aðstæðum fyrir jarðgöng. Í niðurlagi skýrslu um þær atvuganir segir að aðstæður við firðina innanverða séu hagstæðar ef munni jarðganga er lágt yfir sjávarmáli (80-120



Jarðgöngin undir Breiðadals og Botnsheiðar.

m y.s.) og gangalengdir þá 4,5-5,2 km. Aðstæður í bergi eru góðar á íslenskan mælikvarða og má líkja þeim við aðstæður í þeim hluta ganganna undir Breiðadals- og Botnsheiði sem er tvíbreiður,

frá munna í Tungudal að gatnamótum. Aðstæður utar með firðinum, undir hina eiginlegu Hrafnseyrarheiði þar sem unnt er að gera göng sem yrðu aðeins rúm 2 km miðað við munna í 290-360 m y.s.,

erun mun verri. Talið er að þær séu tæplega miðlungsgóðar á íslenskan mælikvarða, eða nokkuð hliðstæðar því sem er í aðkomugöngum Blönduvirkjunar. Þessi leið stýttir vegalengdir aðeins um 1 km.

Verksmiðjuframlidda berjavínið Kvöldsól á Húsavík

Mestur hluti af berjunum kemur frá Vestfjörðum

Framleiðendur Kvöldsólar, fyrsta verksmiðjuframlidda berjavínsins hérlendis, fá tvo þriðju af berjunum frá Vest-

fjörðum eða um þrjú tonn, enda þótt víngerðin fari fram á Húsavík eða í grennd við hinar frægu þingeyksku berja-



lendur.

„Vestfirðingar hafa verið mjög duglegir gegnum tíðina að tína ber og hafa selt til Reykjavíkur í fjölmörg ár, bæði í Blómaval og Vínberíð“, sagði Gunnar Ómar Gunnarsson víngerðarmaður á Húsavík í samtali við blaðið.

„Þegar ég byrjaði með þetta í fyrra hringdi ég í kaupmanninn í Vínberinu og spurði hvar hann hefði fengið öll þessi ber í gegnum árin og þá var það fyrst og fremst úr Arnarfirði og Dýrafirði.“

Gunnar Ómar kveðst hafa fengið einna mest af berjum frá Ólafi Gíslasyni í Neðribæ í Arnarfirði og Guðlaugu Vagnsdóttur í Dýrafirði. Hann segir þó að vestfirsku berin séu ekki betri en berin í Þingeyjarsýslunni. „Nei, langstærstu berin eru í kringum

Kópasker, í Kelduhverfi og Öxarfirði, en það vantar fleira fólk til að tína. Það er svo nýtt að þurfa svona mikið af berjum.“

Sú lögum sem nú er í gerjun hjá Sólbrekku ehf. er um 8.000 lítrar. Afraksturinn verður um 12.000 flöskur sem tilbúnar verða til sölu á vorkmánuðum. Gunnar Ómar sagði í samtali við BB að salan á Kvöldsól hefði gengið mjög vel og meira en helmingurinn af síðustu lögum hafi farið fyrir síðustu jóla. „Núna ætlum að búa til helmingi meira en síðast.“ Hráefnið í 8.000 lítra lögum er um fjögur og hálf tonn af berjum, þar af um þrjú tonn frá Vestfjörðum, og eitt og hálf tonn af rabbabara auk kryddjurtu. Berin sem notuð eru í vínið eru að miklum hluta krækiber.

Björn Davíðsson hjá Snerpu ehf. á Ísafirði

Flytur erindi á norrænum ráðherra fundi

Á samnorrænum fundi um stefnu í upplýsingatæknimálum, sem haldinn er í Osló í vikunni, munu Sturla Böðvarsson samgönguráðherra og Björn Davíðsson hjá Snerpu á Ísafirði flytja erindi um gagnaf lutninga.

Ráðherrann mun fjalla um sýn stjórnvalda á verðlagningu gagnaf lutninga en Björn flytur erindi um þróun gagnaf lutninga í dreifbýli. Fyrir fundi þessum standa ráðherrar upplýsingatæknimála á Norðurlöndum. Þar mun viðkomandi ráðuneyti í hverju landi taka til meðferðar einn tiltekinn þátt upplýsingatæknimála og fá til liðs við sig sérfræðing frá sama



Björn Davíðsson.

„Ég lít á þetta sem gott tækifæri til að koma á framfæri þörfum okkar sem úti á landi búum“, sagði Björn í samtali við blaðið, „og greina frá reynslu okkar af þeirri þróun sem átt hefur sér stað. Þá túlka ég

þetta vissulega þannig, að fyrir hendi sé aukinn skilningur á þörfum dreifbýlisins og vilji til að við getum verið fullir þátttakendur í upplýsingatæknibyltingunni. Ég vonast einnig til þess að nú sjáum við ákveðin vatnaskil í verðlagningu á gagnaf lutningum í dreifbýli. Við höfum lengi bent á, að bæði tæknilegar og viðskiptalegar forsendur eru til þess að jöfnuð ríki í þessu efni. Þá vil ég einnig benda á, að gagnaf lutningar snúast ekki lengur einvörðungu um tölvutengingar og internet, heldur einnig um stafrænt sjónvarp, fjarnám og rekstur myndfundakerfa, svo eitthvað sé nefnt“, sagði Björn Davíðsson.

Netheimar opna vef

Netheimar ehf. á Ísafirði hafa opnað vef á Internetinu. Á honum er m.a. finna stuðning við viðskiptavini fyrirtækisins ásamt lýsingu á þjónustubáttum og fróðleik af ýmsu tagi. Móttaka þjónustubeiðna fer fram um vefinn og vonast forsvarsmenn Netheima til að það verði til hagræðingar fyrir viðskiptavini. Á vefnum er jafnframt hægt að gerast áskrifandi að fréttabréfi Netheima sem ætlunin er að komi út reglulega. Verður í því fjallað um þjónustu fyrirtækisins, nýjungar, tilboð og námskeið ásamt þáttum er snúa að tölvu- og upplýsingatækni. Það var Magnús Hávarðarson tölvu- og kerfisfræðingur hjá Netheimum sem hannaði og forritaði vefinn.

Góður afli hjá Júlíusi

Frystitogarinn Júlíus Geirmundsson ÍS 270 kom til hafnar á Ísafirði um miðja síðustu viku með um 255 tonn af afurðum eða um 480 tonn upp úr sjó að verðmæti um 90 milljónir króna. Uppistaða aflans var þorskur og fékkst hann eftir 27 daga veiðiferð. Skipstjóri í ferðinni var Ómar Ellertsson. Júlíus fór aftur til veiða á laugardagskvöld.

Tveir útisigrar hjá KFÍ

Meistaraflokkur karla í KFÍ átti góða ferð suður á land þegar liðið vann tvo sigra í 1. deildinni á jafnmörgum dögum. Á föstudagskvöld var Þór í Þorlákshöfn lagður að velli 73-84 og var sigurinn öruggari en lokatölurnar gefa til kynna. Bestu menn vallarins voru Guðmundur Guðmannsson, Ásgeir Ásgeirsson og Jeremy Sargent en hann skoraði 23 stig, tók 19 fráköst og varði 8 skot. Á laugardagskvöld lagði KFÍ síðan Fjölni í Grafarvogi, 94-109. en Fjölnir hafði sex stig yfir í hálfleik og fjögur stig í lok þriðja leikhlaða. Jeremy Sargent var ótrúlegur og skoraði 33 stig, tók 22 fráköst og varði 13 skot. Ásgeir var með 25 stig, 11 fráköst og 1 varið skot. Baldur var með 20 stig og lunkinn við þriggja stiga skotin eins og venjulega stjórnaði Shiran Þórisson liðinu.

Reglulega heimsækja nokkur ungmenni úr Ísafjarðarbæ fólk á svipuðum aldri í norænum vinabæjum, sem eru Túnsberg í Noregi, Linköping í Svíþjóð, Hróarskelda í Danmörku og Joensuu í Finnlandi. Hópur níu nemenda 10. bekkjar á Ísafirði og Flatreyri fóru síðsumars í slíka ferð til Finnlands þar sem þau tóku þátt í norrænu skólamóti. Fararstjóri var Bergljót Halldórsdóttir, kennari við Grunnskólann á Ísafirði. Hér má lesa dagbókarbrot krakka-anna úr ferðinni sem Bergljót tók saman. Innan sviga framan við hvert brot má sjá hvert þeirra skrifar í það skiptið.

Leiðin til Joensuu Sunnudagur 25. ágúst

(Matthías) Að þessu sinni var vinabæjarmótið haldið í Joensuu í Finnlandi. Haldið var til Finnlands aðfaranótt föstudagsins 23. ágúst. Við áttum flug til Kaupmannahafnar kl. 01.30 en brjálað veður setti strik í reikninginn og þurftum við að fara með þotu frá Reykjavíkflugvelli um klukkan 04.00.

(Edda Marín) Þegar við lentum á Kastrup urðum við að drífa okkur svo við misstum ekki af fluginu til Helsinki. Þegar við svo komum þangað tókum við rútu niður á lestarstöð og þar létum við farangurinn okkar í geymslu og fórum svo og fengum okkur að borða. Þarna höfðum við talsverðan tíma lausan og skelltum við okkur í Tívolí. Seinna fórum við á lestarstöðina og tókum næturlest til Joensuu. Við komum til Joensuu kl. 7 um morguninn og þar beið okkar finnski hópurinn sem tók á móti okkur með íslenska fánann.

(Rakel Ósk) Við fórum með þeim í rútu sem keyrði okkur á staðinn sem var heimili okkar næstu daga. Þar komum við okkur fyrir og þar sem við vorum fyrstu gestirnir sýndu finnsku krakkarnir okkur staðinn og hvað væri hægt að gera þar í frístundum. Svo máttum við gera það sem við vildum og skellti ég mér í sund í vatninu og fór og hoppaði á trampólínu. Klukkan 18 komu krakkarnir frá hinum löndunum, þ.e.a.s. Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Ég dauðkveidi fyrir því að hitta þann sem átti að gista með mér næstu daga. En stelpa sem ég gisti með heitir Cecille og er frá Danmörku, hún er mjög fín stelpa, skemmtileg og hress.



Matthías, Þór og norskur vinur þeirra.

(Ragnheiður) Við vöknudum kl. 7. Þá fórum við að borða og svo var okkur skipt í hópavinnu. Ég og Matthías vorum í náttúruhóp og áttum að skrifa um náttúruna á Íslandi. Síðan fórum við út í rútu sem keyrði okkur í klaustur sem var svolítið langt í burtu. Við sáum munka og fengum að borða með þeim eitthvað snarl. Svo fórum við aftur á hótelið. Eftir kvöldmat æfðum við leikritið af því að við vorum með kvöldvöku þetta kvöld. Kvöldvakan misheppnaðist aðeins en krakkarnir hlógu bara og klöppuðu.

Mánudagur 26. ágúst

(Matthías) Við vöknudum og borðuðum og fórum í þemahópna. Um daginn fórum við í bátsferð á svæði sem kallast Ruunaa.

(Páll Janus) Við fórum í siglingu niður ána þar sem á endastöð beið okkar kaffi og kökur og fullt af góðum mat. Ég man sérstaklega eftir þessum degi því að ég átti afmæli þennan dag.

Þriðjudagur 27. ágúst

(Brynja Huld) Á þriðjudeginum hittum við bæjarstjórnann og við fengum að fara aðeins í bæinn og kíkja smá í búðir. Svo í hádeginu fórum við á pítsahlaðborð og þar fengum við að borða eins mikið og við vildum, allir íslensku krakkarnir voru ekkert smá glaðir því að maturinn í Finnlandi var ekkert virkilega góður og við skoðuðum safn, svona örugglega eitthvað svipað og Þjóðminjasafnið á Íslandi, nema bara finnskt.

Miðvikudagur 28. ágúst

(Matthías) Við gerðum það sama og venjulega og fórum

Dagbókarbrot

frá Finnlandsferð 2002



Krakkar frá öllum vinabæjunum samankomnir.

svo að undirbúa okkur undir gönguferð í Þjóðgarði Finna. Þjóðgarður Finna heitir Koli og var þar alveg magnað útsýni. Þegar gönguferðinni var lokið borðuðum við á veitingastað á Kollisvæðinu. Að þessu loknu var ekið heim á leið en á leiðinni var stoppað á stað sem kallaður er Djöflakirkjan og eru það steinar sem mynda þessi skemmtilegu göng og hella.

(Jóakim) ...og um kvöldið enn og aftur kvöldvaka og ætla ég ekki að segja frá fleiri kvöldvökum en þetta kvöld grillaðum við pylsur og pönnukökur og höfðum það mjög fínt.

(Þór) Aðstæður á staðnum voru frábærar. Það var vatn með bátum og gufu sem var við vatnið. Á kvöldin fóru allir í gufu og þegar það var orðið of heitt í gufunni var yfirleitt hlaupið og stokkið í vatnið.

Fimmtudagur 29. ágúst

(Edda Marín) Við heimsóttum skólana í Joensuu, okkur var skipt í hópa. Ég og Brynja vorum einu Íslendingarnir í okkar hóp. Við fórum í nokkra bekkir og sögðum þeim aðeins frá okkur og okkar landi.

(Rakel Sif) ...við borðuðum mat með skólakrökkunum. Það kom mér á óvart að allur matur í öllum skólum í Finnlandi er frír. Skólinn sem ég fór í var ekki mjög frábrugðinn mínum, nema hvað hann var stærrí og ekki beint vel útlíftandi, húsgögnin voru gömul og þarna voru kennd önnur fög en hér.

(Ragnheiður) Svo um kl. 12 sótti rútan okkur og fór

með okkur niður í bæ. Þar fengum við alveg tíma til að versla til kl 15.30. Svo þegar við komum á hótelið var smá frí en síðan var hópmynda-taka. Síðan var sýnt það sem við vorum búin að vera að vinna í hópavinnunni.

(Edda Marín) Núna var komið að síðasta kvöldinu okkar saman. Við vorum öll svo fín og fengum frábæran mat. Svo var komið að kennurunum að halda skemmtatriði fyrir okkur og þau tóku smá ABBA show. Um kvöldið var

diskó og svaka stuð.

(Kristrún) Síðan settumst við á gólfið og sungum og sungum af hjartans list. Finnarnir gáfu okkur öllum vina-bönd.

(Edda Marín) Það var komið að kveðjustundinni, allir mjög sorgmæddir.

(Þór) Þetta var frábær ferð og vel skipulögð í alla staði. Ég eignaðist marga vini sem ég vona að ég hitti aftur.

(Kristrún) Það var gott að koma heim. En ferðin öll var yndisleg og mér eftirminni-

leg. Ég er mjög þakklát fyrir að fá að fara í þessa ferð. Innilegar þakkir.

Tekið saman úr dagbókum Brynju Huldar Óskarsdóttur, Eddu Marínar Einarsdóttir, Jóakims Snorra-sonar, Kristrúnar Unu Guðmundsdóttur, Matthíasar Vilhjálmssonar, Páls Janusar Þórðarsonar, Ragnheiðar Karítasar Hjálmarssonar, Rakelar Óskar Jensdóttur og Þórs Sveinssonar, nemenda í 10. bekk á Ísafirði og á Flatreyri.



Kristrún og Ragnheiður í Þjóðgarðinum Koli.



Joensuu, séð frá ráðhúsinu.



Gamla sláturhúsið í Vatnsfirði við Djúp.

Sláturhúsið í Vatnsfirði við Djúp

Sviðið með gamla laginu

Gamla sláturhúsið í Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp hefur verið tekið í gagnid á ný á þessari sláturtíð. Þar er þó ekki slátraheldur sviðnir hausar í eins konar útibúi frá sláturhúsinu í Króksfjarðarnesi. Guðbrandur Baldursson í Vatnsfirði annast verkið og reiknar með að sviða á fjórða þúsund

hausu á um tveggja mánaða tímabili. „Þetta eru svið með gamla laginu en ekki eins og það óæti sem fæst í búðum. Hér er saltað í strjúpann og sviðið með kósangasi eins og gert var í sveitum. Núna er venjulega sviðið með járn-sudugræjum, gasi og súr, og hausarnir síðan þvegnir upp úr vambakalki þannig

að bragðið af þessu er eins og sviðin hafi verið lögð í klór. Þetta geri ég ekki“, segir Guðbrandur. „Sigurður kaupfélagsstjóri í Króksfjarðarfjarðarnesi kom að máli við mig og bað mig að sviða hausana frá sláturhúsinu þar. Jafnframt get ég þá boðið upp á aðstöðu hér svo að aðrir geti sviðið fyrir sjálfa

sig ef þeir vilja. Yfirdýralæknir veitti leyfi fyrir þessari starfsemi hér í gamla sláturhúsinu í Vatnsfirði“, segir Guðbrandur. Jafnframt því að sviða selur Guðbrandur beint til neytenda. „Margir taka hausana heila en líka er hægt að fá þá sagaða“, segir hann og reiknar með að vera að fram í nóvember.



Slökkvistöðin á Ísafirði.

Slökkvilið Ísafjarðarbæjar

Jafna þarf markvisst hlut kvenna

„Færa má rök fyrir því, að ráðningarkröfur sem settar eru í reglugerð um menntun, réttindi og skyldur starfsmanna stangist á við jafnréttishugmyndir SÍ og jafnvel jafnréttislöggjöf“, segir m.a. í skýrslu um stöðu og stefnumótun Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar (SÍ), sem Þorbjörn Sveinsson slökkviliðsstjóri lagði fram á síðasta fundi umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar.

„Til að jafna hlut kvenna í liðinu er þó ekki forsvaranlegt að gera minni þrek- og styrkleikakröfur til þeirra, heldur þarf að móta stefnu sem tekur heildstætt á málínu. Leita þarf markvisst að réttum konum, þjálfar þær upp og brjóta þannig ísinn

fyrir stallsystur þeirra, samhliða því að hafa áhrif á reglugerðarsmíð Brunamálastofnunar, sem heyrir undir umhverfisráðuneytið“, segir einnig í skýrslunni.

Í stefnumörkun fyrir næstu þrjú árin segir síðan afdráttarlaust að Slökkvilið Ísafjarðarbæjar skuli vinna markvisst að þessu máli „og gæta þarf að því að sömu kröfur gildi fyrir alla starfsmenn“.

Engin kona er nú starfandi í Slökkviliði Ísafjarðarbæjar. Fyrsta konan sem starfaði sem slökkviliðsmaður hérlendis, Helga Halldórsdóttir, var hins vegar meðal liðsmanna á Ísafirði á árunum fyrir 1990.

Langá í Skálavík

Nýja brúin komin í gagnid

Skálvíkingar fjölmenntu um helgina til að leggja síðustu hönd á gerð nýrrar brúar yfir Langá í Skálavík. Það voru eigendur sumarbu- staða sem komu saman til að negla niður dekkið á hina nýju brú og var það lokafrágangur verksins. Brúin var síðan tekin í notkun með viðeigandi hætti og var það

bæjarstjórinn Ólafur Kristjánsson sem klippti á borða og ók fyrstur manna bifreið sinni yfir.

Í óveðri sem gekk yfir í nóvember fyrir tæpu ári fauk dekkið af brúnni yfir Langá og var hún ófær öllum farartækjum þótt hún væri manngeng eftir langbitunum. „Eftir viðræður við ýmsa aðila kom-



Ólafur Kristjánsson, bæjarstjóri klippir á borða að nokkrum hópi fólks viðstöddum.

umst við að þeirri niðurstöðu að rétt væri að kaupstaðurinn fjármagnaði brúarsmíðina, þótt honum væri það ekki

skyld, þar sem Skálavík er úti- vistarsvæði Bolvíkinga og þeirra ferðalanga er koma hér“, sagði Ólafur Kristján-



Ólafur Kristjánsson ekur fyrstur manna yfir nýju brúna á Langá í Skálavík. Ljósmyndir: Hafþór Gunnarsson.

son. „Vegagerðin ákvað að styrkja okkur um kr. 700.000 til verksins og sömuleiðis var rækjuvinnslan Bakkavík svo

vinsamleg að gefa okkur góða og sterka járnbita sem hafa dregið nokkuð úr kostnaði“, segir Ólafur.

Útgerðarfélagið Ós hf. í Bolungarvík

Tvær fimmtán tonna Cleopötrur í smíðum

Tveir 15 tonna bátar af gerðinni Cleopatra 38 eru í smíðum hjá Trefjum hf. fyrir Útgerðarfélagið Ós hf. í Bolungarvík, sem gerir út krókaafلامarksbátana Guðmund Einarsson ÍS og Hrólf Einarsson ÍS og eiga að koma í stað þeirra.

Fyrri báturinn verður afhentur fyrir áramót en sá síðari mánuði seinni. Frá þessu er greint í Fiskifrét-

um. Bátarnir sem skipt verður út eru aðeins eins og tveggja ára gamlir og varla kominn tími á endurnýjun þeirra. Hins vegar var reglum breytt fyrir á þessu ári og heimilað að krókaafلامarksbátar mættu vera allt að 15 tonn að stærð.

„Auðvitað hefði átt að vera búið að breyta þessum reglum miklu fyrr og þegar allar fisk- tegundir eru komnar í kvóta á ekki að vera þörf fyrir nein

stærðarmörk. En kerfið er bara svona og við lendum þess vegna í því að skipta um báta, nánast árlega. Það sem vakir fyrir okkur fyrst og fremst með smíði bátanna er að fá stærri og öruggari báta. Við komum sennilega ekki til með að auka aflann þótt bátarnir stækki“, sagði Guðmundur Einarsson, skipstjóri á Guðmundi Einarssyni ÍS.

Almennur borgarafundur á Suðureyri

Vegagerðin á móti en íbúar hlynntir tvístefnu á Sætúni

Líflegar umræður urðu á almennum borgarafundi á Suðureyri í síðustu viku, þar sem fjallað var um skipulagsmál. Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar boðaði til fundarins og sóttu hann milli þrjátíu og fjörtíu manns, fyrir utan fulltrúa í umhverfisnefnd og bæjarráði og embættismenn hjá bænum.

Einkum voru skiptar skoðanir um það, hvort einstefna eða tvístefna skuli vera á Sætúni. Íbúar við götuna eru

fylgjandi tvístefnu en Vegagerðin andvíg á þeirri forsendu, að hornið þar sem komið er út á þjóðveginn sé of blint. Einnig var m.a. rætt um tjaldstæði á Suðureyri, nýtingu á flugvelli og niðurrif á húsum Íslandssögu neðan Eyrargötu sem búið er að farga.

Engar ákvarðanir voru teknar á fundinum, enda stóð það ekki til, að sögn Stefáns Brynjólfssonar, skipulags- og byggingaflutráa Ísafjarðar-

bæjar, heldur var tilgangur hans að ræða málin og gefa bæjarbúum kost á að koma viðhorfum sínum á framfæri. Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar ákvað á sínum tíma að fresta afgreiðslu deiliskipulags fyrir þennan hluta Suðureyrar þangað til borgarafundur hefði verið haldinn. Upphaflega átti að halda fundinn um mitt sumar en hann frestaðist. Væntanlega munu bæjaryfirvöld ganga frá deiliskipulaginu á næstunni.

Tilgangurinn er að gera stafræna kvikmyndagerð vandaðari og skilvirkari

– segir Einar Þór Gunnlaugsson kvikmyndagerðarmaður frá Hvilft í Önundarfirði

Svokölluð Delta-kvikmyndagerð er ný af nálinni hér á landi og þó víðar væri leitað. Í stuttu máli gengur Delta-kvikmyndagerð út á að fjórum meginreglum er fylgt við gerð kvikmynda á stafrænu formi: Aðeins má notast við tvo tókustaði, tukur mega ekki taka lengri tíma en fjórar vikur, ekki má mynda meira en 20 klukkustundir í dagsbirtu og kvikmyndin verður að vera á að minnsta kosti tveimur tungumálum.

Einn af hugmyndasmiðum þessarar nýju stefnu er Önundarfirðingurinn Einar Þór Gunnlaugsson, sonur Gunnlaugs Finnssonar bónda og fyrrum alþingismanns á Hvilft í Önundarfirði. Einar hefur nýlkið gerð myndarinnar *The Third Name* (Þriðja nafnið), sem unnin er eftir títtnefndum Delta-reglum. Einar gaf sér tíma til að ræða um myndina, stafræna kvikmyndagerð, Rússland, gæsaveiðar og fleira.

Sauðburður og gæsaveiðar

Einar kom fyrir skömmu í heimahagana í Önundarfirði eins og hann hefur gert reglulega síðan hann fluttist frá Hvilft. „Ég hef aldrei getað hrist sveitamennskuna almennilega af mér og hef alla tíð verið háður sveitastörfum. Ég hef því miður ekki tíma til að taka þátt í leitum og réttum þetta haustið, þar sem önnur verkefni kalla. Ég gat þó gefið mér tíma í sauðburðinn í vor.“

Einar fæddist á Flateyri fyrir tæpum 40 árum. „Ég ólst upp í sveitinni en fór úr Önundarfirði þegar ég komst á menntaskólaaldur. Þá var miklu algengara að menn færu í burtu ef þeir vildu fara í framhaldsnám, þó að Menntaskólinn á Ísafirði hafi fyrir löngu verið stofnaður.“

Enda þótt Einar hafi ekki tíma til að fara í göngur ætla hann sér að fara á gæsaveiðar meðan hann dvelst í Önundarfirði. „Ég ætla að veiða nokkrar gæsir, eða reyna í það minnsta. Ég er engin ógurleg veiðikló en hef samt sem áður mjög gaman af þessu. Gamlir Önundarfirðingar, og ég þar á meðal, stofnuðu veiðifélag fyrir nokkru. Í því er meira að segja einn gamall Ísfríð-

Íslandi og af hverju ég prófaði ekki að vinna í Rússlandi. Svo vó þungt að einn erlendur framleiðandi myndarinnar, sem er frá New York, var og er á leiðinni að flytja til Rússlands. Þess má geta að þetta er fyrsta íslenska myndin sem er unnin að hluta í Rússlandi.“

Sannfærandi sem Rússi

Einar varði mestöllu sumrinu í Pétursborg. Hvernig skyldi honum hafa líkað dvölin þar?

„Mjög vel. Ég hafði reyndar undirbúið mig vel. Bresk vinkona mín hafði sagt mér að safna skeggi til að reyna að líkjast heimamönnum sem best svo það væru minni líkur á að ég yrði rændur. Ég safnaði skeggi og það svínvirkaði. Glæpamenn létu mig í friði og gervið var svo sannfærandi að ég var oft spurður á rússnesku um ýmsa hversdagslega hluti, hvað klukkan væri og þar fram eftir götunum. Það kom meira að segja fyrir að ég var spurður til vegar.“

Því miður hafði ég engan tíma til að gera neitt annað en að vinna að myndinni. Það stóð alltaf til að ferðast eitthvað um landið en ég hætti fljótlega við það. Mikill tími fór í hljóðvinnsluna, auk þess sem ég eyddi miklum tíma í að kanna hvernig væri að vinna þarna, hvar væri hægt að finna hæfileikafólk og ekki síst hvernig viðskiptaumhverfið væri. Skemmst er frá því að segja að Rússland kom

mjög vel út og það bendir allt til þess að við förum aftur út á næsta ári að vinna að annarri mynd.“

Reynir meira á handritin

„Þriðja nafnið“ er fyrsta myndin sem er unnin eftir svokölluðum Delta-reglum. Þessar reglur setti Einar sjálfur í samvinnu við nokkra kollega sína og er tilgangur þeirra að gera stafræna kvikmyndagerð vandaðari og skilvirkari, án þess þó að tapa þeirri tengingu sem hún óneitanlega hefur við grasrót kvikmyndalistarinnar. „Menn sem gera Deltamyndir mega ekki nota fleiri en tvo tókustaði. Til að myndskreyta má þó taka yfirlitsmyndir en miðað er við að meginefni myndarinnar sé tekið á tveimur stöðum. Aftur á móti er

hægt að segja að t.d. Norðurljósið og Suðurljósið séu tókustaðirnir og þá hefurðu býsna mikið svæði til að mynda á.

Þá koma aðrar reglur inn í. Þú mátt til að mynda ekki eyða meiri tíma en fjórum vikum í tókur. Þessar reglur jafna leikinn mikið milli þeirra sem eiga misgóðan aðgang að fjármagni. Þetta reynir meira á hugmyndaflug manna og knýr þá til að skrifa almennileg handrit sem virka vel þó svo að tókustaðir séu bara tveir og tókutími stuttur. Þess má geta í þessu samhengi að kvikmyndin *The Others* með Nicole Kidman gerist bara í einu húsi.

Ég veit um tvær aðrar Deltamyndir sem eru að fara í framleiðslu. Önnur þeirra er um mann sem getur ekki labbað út úr húsinu sína af yfirnátúrulegum ástæðum sem hann skilur ekkert í sjálfur, manngreyið.

Svo er ég sjálfur að fara að gera aðra kvikmynd, sem eins og hin verður að hluta unnin í Rússlandi. Hún fjallar um ávaxtasmygl.“

Einfaldlega allt annað form

– Hvaða kosti hefur stafrænt form kvikmynda umfram filmumyndir og hverjir eru gallarnir?

„Kostirnir eru náttúrulega aðallega þeir að það er miklu ódýrara að taka upp myndefni á stafrænu formi. Þar að auki er efnið meðfærilegra í allri eftirvinnslu. Gallarnir eru þeir að lýsingin breytist mjög og það þarf að vinna allt öðru vísi með ljósið. Að auki nær stafræna formið landslagsmyndum ekki eins vel og það veltur meira á náttúrulegri birtu hvort efnið er gott.“

Á heildina litið er eiginlega hvorki hægt að tala um kosti né galla stafrænnar kvikmyndatöku. Þetta er bara annað form og lýsir sér allt öðru vísi.“

– En um hvað er myndin *Þriðja nafnið*?

„Nú um ástina maður, hvað heldurðu. Hún fjallar í stuttu máli um erlendan mann sem lítur út eins og sambland af gangster og terrorista. Hann stelar farþegabát (í myndinni notum við gömlu Breiðafjarðarferjuna Baldur) og heimtar að fá að tala við fyrverandi kærustuna sína. Gallinn er bara sá að stelpan kannast ekkert við manninn og hefur aldrei heyrt hans getið. Í myndinni eru þau í raun bæði að ljúga allan tímann.“

Að sjálfsögðu sýnd fyrir vestan

– Og hvenær verður myndin frumsýnd og hvar verður hún sýnd?

„Hún verður



ræna kvik- ilvirkari

frumsýnd í janúar. Ég held að það henti þessari mynd vel að vera frumsýnd þá, þó hún sé í raun tilbúin núna. Nóvember og desember eru erfiðir mánuðir og íslenskir kvikmyndagerðarmenn hafa ekki góða reynslu af því að frumsýna á þessum tíma.

Meirihluti myndarinnar er á ensku en samt um þriðjungur á íslensku. Á næsta ári fer hún á rúnt um óháðar kvikmyndahátíðar í Bandaríkjunum og líklega í Evrópu.

Svo verður hún að sjálf-sögðu sýnd fyrir vestan.“



Túlkurinn Ulu og Jury tæknimaður snúa baki í myndavélina, enda uppteknir menn, en á skjánum sést í Elmu Lísu Gunnarsdóttur og Einar Þór til vinstri.



Leningrad Filmstudio fyrir miðju, bygging sem KGB lét byggja fyrir kvikmyndagerð sína við Kanala Krukyova. Hljóðvinnsla Þriðja nafnsins fór þar fram, en hún var fyrst íslenskra kvikmynda sem unnin er í Rússlandi.



Við tölur á Íslandi í lok langs tókudags.

**Ertu orðin(n)
áskrifandi?
Síminn er
456 4560**

Góð vaxtarskilyrði trjáplantna í Skutulsfirði

Tíu þúsund trjáplöntur voru gróðursettar í sumar

Vaxtarskilyrði trjáplantna í Skutulsfirði virðast vera góð, ef miðað er við afkomu græðlinga sem plantað hefur verið í firðinum á síðustu árum. Trén virðast almennt dafna ágætlega þótt þau þurfi almennt nokkuð langan tíma áður en þau ná fullri stærð. Í júní í sumar gróðursetti Skógræktarfélag Ísafjarðar 10.000 plöntur við miðjan fjörðinn norðanverðan. Félagið naut aðstoðar um tíu starfsmanna Vinnuskóla Ísafjarðarbæjar og tók gróðursetningin tíu daga. „Það

var gróðursett mest af sitkagreni og síðan eitt-hvað af lerki og birki“, segir Magdalena Sigurðardóttir, formaður Skógræktarfélagssins. Skógrækt hefur verið í blóma í Skutulsfirði á liðnum árum og er farin að skila nokkrum árangri. Innarlega í firðinum má sjá alaskavíði sem plantað var fyrir þrettán árum og hefur þegar náð um tveggja metra hæð. Það ber þó að athuga að alaskavíðir er mjög fljót-vaxinn og má ekki búast við sambærilegum vaxtarhraða hjá þeim plöntum sem gróðursettar eru nú.



Trjálundurinn fyrir ofan Urðarveg á Ísafirði.

Jóhann Torfason forstöðumaður skíðasvæðisins á Ísafirði

Hyggst starfa áfram bæði sem forstöðumaður og stjórnarmaður

Jóhann Króknes Torfason, forstöðumaður skíðasvæðisins á Ísafirði, sér ekki ástæðu til að láta af stjórnarmennsku hjá Skíðafélagi Ísfirðinga (SÍ), en fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar ályktaði á fundi þann 4. júlí í sumar að ekki fari saman starf forstöðumanns og forystumennska hjá skíðahreyfingunni.

„Ég ætla ekki að láta af stjórnarmennsku hjá Skíðafélaginu, það er langt í frá. Ég tel mig vera að vinna að

því að bæta tengsl og samskiptamál milli aðila. Mér finnst þetta varla vera ræðandi og tel ekki að um neinn hagsmunaáreksstur sé að ræða“, segir Jóhann.

Elías Oddsson, sem sæti á fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar, segir að ástæða þess að nefndin ályktaði á þennan hátt sé sú, að ekki sé æskilegt að menn sitji beggja vegna borðsins. „Þetta á ekki bara við um skíðasvæðið. Það er ekki æskilegt að forsvarsmáður einnar deildar innan bæjarins



Jóhann Króknes Torfason.

sé sami maður og hvað mest samskipti á við deildina. Af svipaðri ástæðu mega kennarar ekki sitja í fræðslunefnd“, segir Elías. Jóhann Torfason hyggst eftir sem áður starfa í stjórn Skíðafélagsins og sem forstöðumaður skíðasvæðisins. „Ef það á að breytast verður að setja skýrar reglur um slíkt. Mér finnst agalegt ef það á að banna mönnum að starfa í svona sjálfböðavinnu. Ég geri það bara af hugsjón“, segir Jóhann.

Fyrirhugað að leggja nýjan veg að Hnífsdalskirkjugarði

Núverandi aðkoma hættuleg

Stefnt er að því að leggja nýjan veg að kirkjugarðinum í Hnífsdal og breyta aðkomuleiðinni verulega. Nýi vegurinn á að liggja frá planinu þar sem Óskar Friðbjarnarson var með hákarlsverkun sína, allmiklu innan við Hnífsdalsveg, og skáhallt niður að kirkjugarði. Núverandi afleggjari að kirkjugarðinum liggur beint niður brekkuna frá aðalvegnum.

Fyrir rúmum tveimur árum ákvað sóknarnefnd Hnífsdalssóknar að ráðast í gagngerar lagfæringar á kirkjugarðinum. Í bréfi til bæjaryfirvalda, sem lagt var fram á síðasta fundi umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar, segir J. Andrés Guðmundsson formaður sókn-



Úr Hnífsdalskirkjugarði.

arnefndar m.a.: „Í tengslum við þessar framkvæmdir leggjum við mikla áherslu á, að fá aðkomunni að garðinum breytt. Hún er nánast hættuleg eins og hún er í dag.“

Með bréfinu fylgdi uppdráttur Péturs Jónssonar landslagsarkitekts hjá Landark að hinum nýja afleggjara. Að sögn Stefáns Brynjólfs-sonar, skipulags- og bygg-

ingafulltrúa Ísafjarðarbæjar, hefur enn ekki verið kannað nákvæmlega hve mikla framkvæmd hér yrði um að ræða.

Meðalaldur lausabúnaðar og bifreiða 32 ár

Staðan hjá Slökkviliði Ísafjarðarbæjar varðandi bifreiðar og búnað er fremur bágborin, eftir því sem fram kemur í nýrri skýrslu. Meðalaldur lausabúnaðar og bifreiða er áætlaður tæplega 32 ár. Endurnýja þarf sem fyrst einn dælubíl á Ísafirði, þar sem hann gegnir stóru hlutverki í slökkvistarfi í sveitarfélaginu.

Búið er að bæta við bifreið á Þingeyri, sem er tankbíl frá 1980 með tank og dælu frá svipuðum tíma. Huga þarf að endurnýjun á dælubíl á Þingeyri, en sá sem þar er til staðar er af gerðinni GAZ, árgerð 1956.

Endurnýja þarf lausar dælur, reykköfunartæki og annan smærri búnað. Þetta kemur fram í skýrslu um Slökkvilið Ísafjarðarbæjar, stöðu þess í dag og stefnumótun næstu þrjú árin, sem Þorbjörn J. Sveinsson slökkviliðsstjóri lagði fram og kynnti á fundi umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar fyrir stuttu.

Eftir skipulagsbreytingar í yfirstjórn Ísafjarðarbæjar heyrir slökkviliðið nú undir umhverfisnefnd. Í skýrslunni kemur fram gagnrýni á þessa tilhögun, og segir að slökkviliðið sé „orðið afskiptalaust og gleymist í stjórnkerfi bæjarins sem má svo sannarlega fara að endurskoða aftur“.

Hér á eftir fara fáein efnisatriði úr áður nefndri skýrslu um Slökkvilið Ísafjarðarbæjar (SÍ), ýmist unnin upp úr henni, endursögð eða tekin orðrétt upp úr henni.

Í dag er Slökkvilið Ísafjarðarbæjar með þrjá starfsmenn í 100% vinnu, en þeir eru Þorbjörn J. Sveinsson slökkviliðsstjóri, Kristján Finnbogason vara-slökkviliðsstjóri og Hermann G. Hermannsson varðstjóri. Aðrir slökkviliðsmenn eru 60 talsins. Þeir gegna starfinu í þegnskylduvinnu og eru kvaddir út hvar sem þeir

eru staddir þegar kallið kemur.

Starfsemi Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar skiptist í forvarnadeild og útkallsdeild. Helstu verkefni forvarnadeildar eru úttekt á skoðunarskyldum stöðum, eftirlit með stöðum þar sem margt fólk kemur saman, umsagnir vegna veitinga- og gististaða, yfirferð byggingarnefndarteikninga og ráðgjöf til hönnuða. Þau störf hjá útkallsdeild sem almenningur þekkir best eru slökkvistörf, sjúkraflutningar, björgun vegna umferðaróhæppa og viðbrögð við umhverfisslysum, auk þjálfunar og æfinga og daglegrar umhirðu húsnæðis, bíla og búnaðar.

Slökkvistöðvar Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar eru fjórar, þ.e. á Ísafirði, Suðureyri, Flateyri og Þingeyri, en auk þess er í Hnífsdal aðstaða fyrir búnað. Þjónustusvæði Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar er allur Ísafjarðarbær en auk þess annast SÍ sjúkraflutninga fyrir íbúa í Súðavík og Ísafjarðardjúpi.

Gera þarf ráð fyrir kaupum á björgunarbúnaði vegna bílslysna til endurnýjunar á hluta þess búnaðar sem fyrir er. Bent er á, að útakstursdyr á Slökkvistöð Ísafjarðar eru orðnar ryðgaðar og þarf að endurnýja þær. Mála þarf aðalstöðina á Ísafirði að hluta, svo og stöðina í Hnífsdal. Brýnast er þó að gera við húsnæði á Þingeyri, sem telja verður heilsuspillandi. Ganga þarf frá slökkvistöðinni á Suðureyri, en þar vantar herslumuninn á að klára hreinlætisadstöðu. Endurnýja þarf jeppabifreið sem notuð er við eftirlit. Tilfinnanlega vantar tækjabifreið fyrir mengunarbúnað og björgunarbúnað.

Í framtíðarsýn fyrir Slökkvilið Ísafjarðarbæjar segir í skýrslunni, að haldið verði áfram að byggja upp gagnagrunn með upplýsing-

um um staðhætti allra eftirlitsskyldra staða og vinna að slökkviáætlunum þeirra. Stefnt verður að hagræðingu og gæðum í rekstri með nýtingu tölvu- og upplýsingatækni.

Hugmyndir eru uppi varðandi samstarf Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar og Flugmálastjórnar vegna brunavarna á Ísafirði, en viðræður hafa einungis verið óformlegar enn sem komið er. Skoðun á samstarfi við nágrannasveitarfélög á norðanverðum Vestfjörðum varðandi eldvarnaeftirlit og búnað vegna mengunarslysa væri vel hugsanleg og væri vert að athuga þann kost nánar.

Hæfni starfsmanna varðandi slökkvistörf og sjúkraflutninga uppfyllir að mestu leyti þær kröfur sem gerðar eru á núverandi þjónustustigi. Hvað umhverfismál varðar uppfyllir hæfni starfsmanna hins vegar ekki þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt nýjum lögum og sama á við um búnað. Nauðsynlegt er að Slökkvilið Ísafjarðarbæjar geri sérstakt átak til að uppfylla hlutverk sitt á þessu sviði og er þar þegar byrjað á fræðsluþætti starfsmanna um viðbrögð. Starfsmenn hafa skilgreinda grunnmenntun auk þess sem þeir fylgja ákveðnu menntunarferli innan slökkviliðsins. Þátttaka starfsmanna í námskeiðum er góð og færni björgunarmanna stenst almennt þær kröfur sem gerðar eru. Markviss þjálfun og sífelld endurskoðun leiðir til skilvirkni við björgunaraðgerðir.

Vegna skorts á lögum og skilgreiningu starfsramma fyrir slökkvilið fjölgar verkefnum á gráum svæðum. Viðskiptavinir ætlast



Ford 600 árgerð 1964 við Slökkvistöðina á Ísafirði. Þessi bíll kom til Ísafjarðar nýr og var aðaldælubíll slökkviliðsins fram til 1995 þegar nýr bíll kom og setti þennan í annað sæti. Mynd: Heimasíða SÍ.



Mercedes Benz 1434 4x4 árgerð 1995

til að Slökkvilið Ísafjarðarbæjar sinni fjölmörgum þáttum sem ekki er gert ráð fyrir í fjárveitingum til þess.

Í reglugerð um eldvarnaeftirlit eru strangar reglur um fjölda heimsókna og eftirlit með ýmiskonar starfsemi. Þessum reglum hefur SÍ ekki náð að framfylgja að fullu vegna mannfæðar og til að ná þeirri þjónustu upp þarf eitt stöðugildi fyrir eldvarnaeftirlit.

Virk þátttaka starfsmanna í stefnumótun og þróunarvinnu er hluti af því að móta SÍ sem skilvirkari stofn-

un með jákvæðari ímynd sem mætir væntingum íbúa í Ísafjarðarbæ. Þetta ferli er tímafrekt fyrir alla aðila og því mikilvægt að gefa því

því mikilvægt að gefa því nokkur ár. Sú greining og stefnumótun sem hér liggur fyrir er því frumgagn til að koma ferlinu af stað og auðvelda framhaldið.

„Andrúmsloftið sérlega elskulegt“

– segir Ingibjörg Daniélsdóttir (Inga Dan), félagsmaður í Rótum

Þjóðahátíð Vestfirðinga, hin fimmta í röðinni, var haldin á Tálknafirði á föstu-

dag og laugardag. Hátíðin tókst að venju með miklum ágætum og sýningarbásar

framandi landa voru hver öðrum glæsilegri. Ekki síst vakti bás Suður-Afríku

verðskuldaða athygli „Mér fannst náðin við heimafólkið mikil og

andrúmsloftið var sérstaklega elskulegt. Fólk af Suðurfjörðunum hefur ekki áður getað sótt Þjóðahátíð Vestfirðinga þar sem hingað til hefur ekki verið fært norður yfir heiðar þegar hún hefur verið haldin“, segir Ingibjörg Daniélsdóttir (Inga Dan), einn félagsmanna í Rótum, félagi áhugafólks um menningarfjölbreytni, sem stóð að hátíðinni í samvinnu við Rauða krossinn og Fjölmenningsarsetur á Vestfjörðum. Fjöldi fólks af norðanverðum Vestfjörðum lagði leið sína vestur til að taka þátt í hátíðarhöldunum. „Það var ókeypis á hátíðina svo við höfum engar tölur yfir aðsókn, en það var þétt setið og allir atburðir vel sóttir. Sérstök ánægja var með fyrirlestra og spunnust af þeim miklar umræður. Veður var mjög gott. Menn voru svolítið smeykir við yfirvofandi rigningu og rok en þetta slapp og því var hægt að halda brennu og flugeldasýningu eins og til stóð“, segir Ingibjörg.



Ísafjörður

RAX með sýningu

Ragnar Axelsson ljósmyndari (RAX) opnaði á laugardag sýningu í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Á sýningunni eru rúmlega 20 myndir sem Ragnar hefur tekið undanfarin ár og eru hluti af sýningu sem hann hélt í Milánó á Ítalíu í sumar. Yfirskrift sýningarinnar er „Horfnir lífshættir“ og er myndefnið sótt til Íslands, Færeyja og Grænlands.

Ragnar hefur starfað sem ljósmyndari á Morgunblaðinu í rúma tvo áratugi og vann til íslensku fréttaljósmyndaverðlaunanna árið 1991. Auk sýninga sem hann hefur haldið erlendis hélt hann sýningu á Kjarvalsstöðum árið 1990. Myndirnar á sýningunni í Edinborg verða í bók sem gefin verður út í Þýskalandi og hjá Eddu, miðlun og útgáfu, á næsta ári.



Fjölmenni var við varðeldinn.

Ljósmyndir: Jón Þórðarson.



Hressir strákar frá Póllandi.



Fjölmenni var á Þjóðahátíð Vestfirðinga á Tálknafirði enda margt framandi til sýnis.



Guðjón Arnar og Bryndís eru ákveðin í að bjóða sig fram í næstu alþingiskosningum.

Tölvuþjónustan Snerpa ehf. á Ísafirði

Var heimilt að stöðva ruslpóst frá Friði 2000

Póst- og fjarskiptastofnun kvað í síðustu viku upp úrskurð vegna kvörtunar frá samtökunum Friði 2000 varðandi starfshætti Snerpu ehf. á Ísafirði. Eftir að hafa yfirfarið gögn sem fylgdu kvörtuninni og athugasemdir og skýringar Snerpu varðandi málsatvik telur stofnunin að ekki sé um brot að ræða á fjarskiptalögum eða öðrum þeim lögum sem heyra undir eftirlit Póst- og fjarskiptastofnunar, og „er því ekki tilefni til frekari aðgerða

í þessu máli af hálfu stofnunarinnar“, eins og segir í úrskurðinum.

Forsagan er sú, að í júní sendi Friður 2000 kvörtun til Póst- og fjarskiptastofnunar vegna þess að Snerpa hafði hindrað tölvuruslpóst frá samtökunum. Vildu samtökin meina að Snerpu væri óheimilt skv. fjarskiptalögum og öðrum lögum, m.a. hegningarlögum, að stöðva póst á þann hátt sem gert var.

Netruslpóstur, oft nefndur

spam, hefur færst mjög í vöxt síðastliðið ár en þó aldrei meira en síðustu tvo mánuði, að sögn Björns Davíðssonar hjá Snerpu. Nú er slíkur póstur kominn hátt í tvo þriðju af öllum sendum pósti á Netinu eða rúmlega 62%. Snerpa hefur um nokkuð skeið haldið saman tölum um hlutfall pósts sem er hafnað vélrænt sem ruslpósti en ýmsar sjálfvirkar aðferðir eru tiltækar í því skyni. Björn segir að Snerpa hafi lagt sérstaka áherslu á að

verja notendur sína fyrir sendingum af þessu tagi.

„Aldrei er þó hægt að koma algerlega í veg fyrir að eitt og eitt „spam“ sleppi í gegn en við álitum betra að það komi fyrir en hitt að hafnað sé pósti sem ekki flokkast sem spam. Núverandi síunaraðferðir hafa gefist vel og einu tilfelli þar sem pósti hefur verið hafnað án þess að vera ruslpóstur eru þau þar sem pósthús sendanda hefur verið brotið upp af tölvuþrjútum“, segir Björn.

HEILBRIGÐISSTOFNUNIN ÍSAFJÖRÐUR

Bóluefnið komið

Byrjað verður að bólusetja gegn influensu á heilsugæslustöðvunum í byrjun október. Bólusetningar munu fara fram milli kl. 14:00 og 15:30.

Allir einstaklingar eldri en 60 ára eru hvattir til að koma í bólusetningu.

Einnig eru börn og fullorðin sem hafa langvinna hjarta-, lungna-, nýrna- eða lífrarsjúkdóma, sykursýki eða illkynja sjúkdóma hvött til að láta bólusetja sig.

Ekki taka óþarfa áhættu þegar auðveld og áhrifarík vörn er til.

Upplýsingasímar:

Ísafjörður, 450 4500, Flateyri, 456 7638, Þingeyri, 456 8122, Suðureyri, 456 6144, Súðavík, 456 4966.

Komdu í bólusetningu! Gjaldið er kr. 600 auk komugjalds.

Píanóstillingar



Davíð S. Ólafsson

sími 893 7181

Stórtjón vegna vatnsflóðs í Mjólkársvirkjun


Vatnið nærri hálfur annar metri á dýpt

Milljónatjón varð vegna vatnsflóðs í Mjólkársvirkjun í Arnarfirði fyrir helgina og lá raforkuframleiðsla í virkjuninni alveg niðri um tíma en

hófst aftur undir kvöld á sunnudag. Ekki varð þó rafmagnsskortur á veitusvæði Orkubús Vestfjarða heldur var meiri orka keypt frá Lands-

virkjun á meðan.

Tvær vélar til raforkuframleiðslu eru í Mjólkársvirkjun. Laust eftir miðnætti aðfaranótt föstudags sprakk tæmiloki á þrýstivatnspípu fyrir vél 1, sem hafði ekki verið í notkun um nokkurt skeið, með þeim afleiðingum að vatn flæddi inn í kjallara stöðvarhússins. Brunndælur höfðu ekki undan lekanum og flæddi vatn um allan kjallarann sem er um 350 fermetrar að flatarmáli. Um 450 rúmmetrar vatns voru í pípunni og var vatnshæðin í kjallaranum 1,35 metrar þegar mest var. Vél 2 var í gangi þegar tæmilokinn



Vatnið í stöðinni var hátt í hálfan annan metra á dýpt. Ljósmyndir: Sölvi Sólbergsson.


sprakk. Rafmótorar sem eru í kjallaranum fóru í kaf og duttu hjálparkerfi út og vélin stöðvaðist.

Mikið tjón varð á rafeindabúnaði ýmis konar og varahlutalager. Menn frá slökkviliðinu á Þingeyri komu á Mjólka með öflugna dælu og unnu að því að dæla vatninu

úr kjallaranum. Alls voru níu menn að störfum um nóttina og mun þeim hafa tekist að forða virkjuninni frá frekara tjóni.

Vél 1 hafði ekki verið í gangi frá 17. september vegna endurnýjunar á hluta af búnaði vélarinnar og til hafði staðið að ræsa hana á föstudag eða

laugardag. Vegna óhappsins frestaðist það og komst hún ekki í gagnið fyrr en á sunnudagskvöld. Mótorinn úr vél 2 var sendur í þurrkun og var olfukerfi hennar hreinsað en legur og annar búnaður sluppu við skemmdir. Báðar vélarinnar voru komnar í fulla vinnslu á sunnudagskvöld.



Steinar R. Jónasson stöðvarstjóri í Mjólkársvirkjun virðir fyrir sér ástandið í kjallara stöðvarhússins í nótt.



Vatnið fossar inn frá sprungnum loka á þrýstivatnspípu.



Dr. Saxi og dr. 6y.

Gárungafélag FSÍ

Bílnúmer yfirlækna- anna „lagfærð“

Gárungafélagi Fjórðungs-sjúkrahússins á Ísafirði (FSÍ) er fátta heilagt. Þannig tóku félagsmenn sig til og fíktuðu við bíla tveggja af háttsettari starfsmönnum sjúkrahússins, þeirra Þorsteins Jóhannessonar (doktor Saxa), yfirlæknis FSÍ, og Hallgríms Kjartanssonar (doktor 6y, framborið sexy), yfirlæknis heilsugæslu Heilbrigðisstofnunarinnar í Ísafjarðarbæ. Gárungafélagið límdi yfir bílnúmerin svo

gestir og gangandi gætu fengið vitneskju um hvað mennirnir eru kallaðir innan veggja sjúkrahússins.

Þannig vill til, að Þorsteinn og Hallgrímur eiga nákvæmlega eins bíla, að vísu ekki með sama lit (e.t.v. svo að þeir ruglist ekki á þeim þegar fljótt þarf að grípa til þeirra). Ekki er vitað á þessari stundu hvaða ástæður voru að baki þessum óviðurkvæmlega verknaði Gárungafélagsins.



Starismannafélög, klúbbar, hópar...

Látið okkur hnýta árshátíðarslaufuna

Litríkar og eftirminnilegar
árshátíðarslaufur til:

Akureyrar

Egilsstaða

Ísafjarðar

Reykjavíkur

Færeyja

Frábærir gististaðir.

Gerum tilboð í flug, gistingu
og hátíðarkvöldverð.

...fljúgið frekar - með glæsibrag.

Tryggile ykkur sæti í tímal

Hafðu samband við
Bergþóra eða Kristínu
í síma 570 30 35 / 570 30 38
þopadeild@flugfelag.is

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

- fyrir fólk útes og þigt



Ísafjörður

Aðsúgur gerður að lögreglu

Liðlega tvítugur Ísafirðingur veittist að lögreglumönnum í miðbæ Ísafjarðar á fjórða tímanum aðfaranótt laugardagsins. Fyrst kastaði hann glasi að lögreglubíl og þegar lögreglumenn reyndu að ræða við hann réðst hann á þá, svo og stúlka sem var í för með honum.

Pilturinn var handtekinn en þá gerðu fleiri viðstaddir aðsúg að lögreglunni, einkum annað þar sem einnig réðst á lögreglumennina.

Ísafjörður

Át rúmlega 40 sveppi

Liðlega þrítugur maður hringdi í dauðans angist í lögregluna á Ísafirði á áttunda tímanum á sunnudagsmorgun, sagðist vera búinn að éta um fjórutíu sveppi og taldi sig vera að deyja.

Lögreglan sótti manninn og hafði jafnframt samband við lækni sem lagði manninn unsvífalaust inn á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði. Auk veikinda af sveppaáttinu var maðurinn mjög ölvaður.

Að sögn Önnundar Jónssonar yfirlögregluþjóns er það fastur liður á þessum árstíma að fólk tíni sveppi og éti í þeim tilgangi að komast í vímu.

Ísafjörður

Enn og aftur tekinn

Lögreglan á Ísafirði hefur nú eina ferðina enn tekið sama piltinn réttindalausán á óskráðu bifhjól.

Að sögn lögreglunnar er þetta framferði hans algerlega á ábyrgð foreldraanna. Drengurinn hefur enn og aftur verið tekinn á þessu hjóli, enda hefur oft verið kvartað yfir honum.

Einnig hefur drengurinn verið tekinn við akstur bifreiðar, þótt hann hafi ekki aldur til þess.

Embættisbústaður skólameistara Menntaskólans á Ísafirði

Húseignin að Móholti 5 keypt á 12,1 millj. króna

Íslenska ríkið hefur fest kaup á einbýlishúsinu að Móholti 5 á Ísafirði sem embættisbústað fyrir skólameistara Menntaskólans á Ísafirði. Auglýst var eftir húseign í þessu skyni og voru fjölmörg hús boðin fram. Í framhaldi af því gerði ríkið tilboð í Móholt 5 upp á 12,1 millj. króna og hafa eigendurnir, Halldór Jónsson og Dagrún Dagbjartsdóttir, tekið því.

Hér er um að ræða 150 fermetra hús með bílskúr og mun skólameistari flytjast þangað í síðasta lagi 1. nóvember. „Við erum mjög ánægðir með þetta hús. Það er í góðu standi og þarfnast nánast engra viðgerða“, segir Hafsteinn Hafsteinsson, lögfræðingur hjá fjármálaráðuneytinu.



Móholt 5 í Holtahverfi á Ísafirði.

Fyrir stuttu fór hópur manna um Ísafjörð þeirra erinda að skoða hátt í tuttugu hús sem komu til greina sem embættisbústaður og boðin höfðu verið

ríkinu til kaups. Aðspurður sagðist Hafsteinn ekki myndu gefa upp hvaða hús komu til greina. „Við erum alltaf að auglýsa eftir tilboðum í hitt

og þetta og teljum okkur ekki skylt að gefa upp hvaða hús voru til sölu, frekar en aðra hluti viðskiptalegs eðlis“, segir Hafsteinn.



Sjúkraflutningsmenn bera eitt hinna slösuðu inn á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði.

Mjög alvarlegt bílslys við Bása í Skutulsfirði

Þrjár slösuðust alvarlega

Mjög alvarlegt bílslys varð utan við Bása við austanverðan Skutulsfjörð um kl. 14 á sunnudag, þegar vindhviða hreif kerru sem jeppi dró þannig að hann valt. Sex manns voru í bílnum og slösuðust fimm þeirra. Kona á ferstugsaldri og tvær telpur slös-

uðust mjög alvarlega og voru þær fluttar með þyrllu Landan Skutulsfjörð um kl. 14 á sunnudag, þegar vindhviða hreif kerru sem jeppi dró þannig að hann valt. Sex manns voru í bílnum og slösuðust fimm þeirra. Kona á ferstugsaldri og tvær telpur slös-

Vegna slæmra veðurskilyrða var þyrllan mjög lengi á leiðinni vestur en síðan beið hún lengi á Ísafjarðarflugvelli meðan hinar slösuðu voru búnar undir flutninginn. Á leiðinni suður aftur kom vélin við á Bíldudal og tók þar ungubarn sem hafði fengið að-

skotahlut í hálsinn. Ferðin til Reykjavíkur gekk einnig seint og lenti þyrllan í Reykjavík á tíunda tímanum um kvöldið. Veður var mjög hvasst og byljótt í Skutulsfirði á sunnudaginn og var Ísafjarðarflugvöllur af þeim sökum ófær venjulegum flugvélum.

Stuttar af bh.is

Grandi stærsti hluthafinn í HG

Grandi hf. er stærsti hluthafinn í Hraðfrystihúsinu – Gunnvöru samkvæmt yfirliti Verðbréfabings Íslands yfir 20 stærstu hluthafana. Grandi á tæplega 15% hlut í fyrirtækinu eða tæplega 99 milljónir króna að nafnvirði. Meðal annarra hluthafa má nefna fjárfestingafélagið Afl með rúmlega 13% hlut, einkahlutafélagið Ísfrisk fjárfesting með 9,2%, Lífeyrissjóð Vestfirðinga og Súðavík-urhrepp, sem hvor um sig eiga 9%. Hlutabréf í Hraðfrystihúsinu – Gunnvöru voru í síðustu viku skráð á genginu 6,7.

Undirskriftir gegn ónæði

Bæjaryfirvöldum á Ísafirði barst fyrir skömmu undirskriftalisti með áskorun um „að neita rekstraraðilum að Mánagötu 1, Ísafirði, um vinnveitingaleyfi eftir kl. 24 jafnt virka daga sem um helgar“. Undir þessa áskorun rituðu níu manns með heimilisföng við Mánagötu og Hrannargötu. Ástæðan mun vera ónæði sem veitingahúsi á þessum stað fylgir. Á fundi bæjarráðs upplýsti bæjastjóri að lögð hefði verið inn umsókn frá Hvíldarkletti ehf. um vinnveitingaleyfi fyrir Kaffi Ísafjörð að Mánagötu 1.

Erna í efnahagsbrotadeild

Ríkislögreglustjóri setti í síðustu viku tvær konur til að gegna störfum lögreglufulltrúa / aðalvarðstjóra við efnahagsbrotadeild embættisins. Önnur þeirra er Erna Jónmundsdóttir, sem á sínum tíma starfaði í lögreglunni á Ísafirði. Faðir hennar er Jónmundur Kjartansson músikant úr Bolungarvík, fyrrum yfirlögregluþjónn á Ísafirði. Erna og Berglind Kristinsdóttir, sem ásamt henni var sett í stöðu við efnahagsbrotadeildina, voru valdar hæfastar úr hópi 11 umsækjenda. Þær eru jafnframt fyrstu konurnar til að gegna störfum lögreglumanna í þessari deild hjá embætti ríkislögreglustjóra.